

HÁGÖNGUMIÐLUN
JARÐFRÆÐIATHUGANIR SUMARIÐ 1995

Elsa G. Vilmundardóttir og Ingibjörg Kaldal

Unnið fyrir Landsvirkjun

OS-95059/VOD-09 B Des. 1995

Útlán



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 661.850

**HÁGÖNGUMIÐLUN
JARÐFRÆÐIATHUGANIR SUMARIÐ 1995**

Elsa G. Vilmundardóttir og Ingibjörg Kaldal

Unnið fyrir Landsvirkjun

OS-95059/VOD-09 B Des. 1995

EFNISYFIRLIT

A: BERGGRUNNSKORT - LÝSING Á KORTEININGUM	3
1. INNGANGUR	3
2. JARÐFRÆÐIÁGRIP	3
2.1 Veiðivatna-eldstöðvakerfið	3
2.2 Tungnafellsjökuls-Hágöngu eldstöðvakerfið	3
2.3 Aldur	4
2.4 Jarðhiti	4
2.5 Sprungur	4
3. HELSTU EININGAR BERGGRUNNSKORTS	4
3.1 Hraun frá nútíma <10.000 ára.	4
3.2 Jarðlög frá ísöld	5
3.2.1 Móberg	5
3.2.2 Hlýskeiðshraun	5
3.2.3 Líparít	6
3.2.4 Jökulberg	6
3.2.5 Laus jarðlög	6
4. STÍFLUSTÆÐI	6
B: JARÐGRUNNUR OG BYGGINGAREFNISLEIT	7
5. INNGANGUR	7
6. JARÐGRUNNSKORTIÐ - LÝSING HELSTU EININGA	7
7. BYGGINGAREFNISLEIT	8
7.1 Kjarnaefni	8
7.2 Síu- og steypuefni	8
7.3 Stoðfylling	9
7.4 Grjót	9
8. HEIMILDIR	9

Mynd 1. Hágöngumiðlun - Berggrunnskort

Mynd 2. Hágöngumiðlun - Jarðgrunnskort

Mynd 3. Hágöngumiðlun - Mögulegir námustaðir

A: BERGGRUNNSKORT - LÝSING Á KORTEININGUM

1. INNGANGUR

11.-18. ágúst sl. var unnið að berggrunnskortlagningu við Hágöngur og í Vonarskarði vegna fyrirhugaðrar Hágöngumíðlunar. Rannsóknarsvæðið er allt innan kortblaðsins Hágöngur 1914 II. Áður, þ.e. sumurin 1990, 1991 og 1992 hafði verið kortlagt á svæðinu milli Þjórsár og Köldukvíslar og víðar með væntanlega útgáfu jarðfræðikorta í maelikvarða 1:50.000 í huga. Kortið sem hér birtist er tekið út úr kortblaði 1914 II og er bæði byggt á upplýsingum sem aflað var þessi sumur og sl. summar.

2. JARÐFRÆÐIÁGRIP

Svæðið er innan eystra gosbeltisins. Berggrunnurinn tilheyrir síðari hluta ísaldar (<700.000 ára) og nútíma (<10.000 ára). Frá Gjóstu, efst í Vonarskarði til suðvesturs að Syðri-Hágöngu er lægð í landinu. Um hana renna Skjálfandafljót til norðurs og Kaldakvísl til suðurs. Lægðin er jaðarsvæði milli tveggja eldstöðvakerfa, Veiðivatna eldstöðvakerfisins og Tungnafellsjökuls-Hágöngu eldstöðvakerfisins. Berggrunnur kortsins tilheyrir að lang stærstum hluta því síðarnefnda. Þessi tvö eldstöðvakerfi eru að ýmsu leyti frábrugðin hvort öðru og er til-tölulega auðvelt að greina þau að. Sveinn P. Jakobsson (1979) byggði skilgreiningu sína á eldstöðvakerfum á rannsóknum á eldvirkni á nútíma, en í jarðfræðikortlagningunni eru eldstöðvakerfin rakin aftur á á ísöld.

2.1 Veiðivatna-eldstöðvakerfið

nær frá Torfajökli og inn undir Vatnajökul. Sveinn P. Jakobsson (1979) telur það ná að Hamrinum í Vatnajökli og Guðrún Larsen (1982) sýnir fram á að Veiðivatna- og Dyngjuhálskerfið, sem er framhald hins fyrrnefnda til NA, nái saman undir Vatnajökli. Bárðarbunga er virk megineldstöð á

"gráa svæðinu" milli kerfanna. Til einföldunar er hér eingöngu vísað til Veiðivatnakerfisins varðandi gosberg runnið til Vonarskarðslægðarinnar úr austri.

Hraun Veiðivatnakerfisins hafa sum hver náð mikilli útbreiðslu, einkum til S og SV, samanber Tungnaárhraun. Einnig hafa hraun runnið til vesturs úr nyrsta hluta kerfisins en þaðan eru öll hraun komin sem sýnd eru á kortinu. Eitt þeirra, Hágönguhraun, rann meðfram suðurhlíð Syðri-Hágöngu og langleiðina að Skrokköldu við Sprengisandsleið. Á síðasta jökulskeiði gaus oft innan Veiðivatnakerfisins og mynd-aðist móberg. Á kortinu er örugglega ein gosmyndun úr móbergi sem tilheyrir því s.k. Köldukvíslarmóberg (kb). Svæðið næst Köldukvíslarjöklí er að mestu ókortlagt ennþá.

2.2 Tungnafellsjökuls-Hágöngu eldstöðvakerfið

nær norður fyrir Tungnafellsjökul, en norðurmörk þess hafa enn ekki verið kortlögð. Austurjaðarinn fylgir Vonarskarði, en suðurmörkin liggja um Þveröldu. Vesturmörkin eru í lægðinni, sem Þjórsá rennur um austan Hofsjökuls. Innan kerfisins eru tvær megineldstöðvar, Tungnafellsjökull og Hágöngur. Hágöngur virðast löngu vera útbrunnar, en eldvirkni hefur varað lengur í og við Tungnafellsjökul og hefur gosið á nútíma norðan (Tunguhraun) og norðaustan hans. Lítt rofnir gjallgígir á suðurbarmi öskju Tungnafellsjökuls benda til hins sama.

Við kortlagninguna hefur komið í ljós að líparítið, a.m.k. í rótum megineldstöðvanna er elsta bergið sem hefur með vissu fundist innan kortblaðs 1914 II, en því hefur verið haldið fram (t.d. Piper 1979 og Abratis og Arnold 1993) að líparítið sé meðal yngstu gosmyndananna, en bæði móberg og jökulberg auk hrauna frá fyrrri hlýskeiðum eru yngri. Efni jökulbergslaganna er oft mikið

blandað líparíti, einkum til vesturs frá líparítsvæðunum.

Gos innan Tungnafelssjöklus-Hágöngukerfisins hafa yfirleitt verið smærri í sniðum en í Veiðivatnaeldstöðvakerfinu og flestar gossprungur eru til muna styttri (<15 km). Þessi einkenni eldstöðvakerfanna sjást ekki vel á kortinu vegna smaðar þess (185 km²). Í næsta nágrenni Hágangnanna er tölувert um smáar, stakar gossþýjur. Af þeim má nefna Hágöngudílabasalt (hd) og Hágöngubóleit (hb) frá hlýskeiðum. Hliðstæður í móbergi eru t.d. kubbaberg við NA enda Syðri-Hágöngu og stuttir móbergs-hryggir austan og norðan við Nyrðri-Hágöngu. En líka eru dæmi um stórar goseiningar bæði frá hlýskeiðum og jökulskeiðum, þótt þær sjáist ekki á kortinu nema í hlutum. Sú stærsta er s.k. Krosshnúkaólivínbasalt (kó). Aðal uppkomustaðir þess eru SV af Tungnafelssjöklum. Hraunstraumar hafa runnið þaðan bæði til Vonarskarðslægðar og Þjórsárlægðar. Basaltið er mjög gott leiðarlæg vegna þess hve útbreitt það er. Í NV horni kortsins sést í stóra móbergseiningu, sem kennd er við Kistuöldu.

2.3 Aldur

Berggrunnurinn er allur frá yfirstandandi segulskeiði (Brunhes) og yngri en 700.000 ára. Líklegt er að elsta myndunin, Hágöngulíparítið sé nokkur hundruð þúsund ára. Verður það ráðið m.a. af því að í bergstaflanum skiptast á móberg og hraunlög ofan á líparítinu og milli myndana eru oft lög af jökulbergi. Engar beinar aldursákvarðanir eru til af bergi frá þessu svæði.

2.4 Jarðhiti

Í Vonarskarði eru háhitasvæði, bæði á svæðinu milli Skrauta og Gjóstu og austan við Hágöngur, úti á eyrum Koldukvíslar. Það síðarnefnda var kortlagt af Árna Hjartarsyni (1994). Auk þess könnuðu Guðmundur Ómar Friðleifsson, Jón Örn Bjarnason og Magnús Ólafsson (1995) bæði svæðin sl.

sumar.

2.5 Sprungur

Ekki ber mikið á sprungum og misgengjum á svæðinu sem kortið nær til, en það er í austurjaðri brotabeltis sem nær frá Tungnafellsjöklum og suður í Þúfuver. Ekki sjást þess merki að sprungurnar hafi verið virkar á nútíma og þær eru yfirleitt huldar undir jökulbergi og jökulruðningi. Helsta sprungusvæðið innan kortsins er við vesturjaðar Vonarskarðslægðarinnar norðaustan Nyrðri-Hágöngu. Þar verður vart misgengja með ANA stefnu og lítillsháttar sigi til austurs. Í lögum móbergshryggja og fleiri dráttum í landslagsinu endurspeglast aðal sprungustefnurnar. Þar ber mest á stefnum frá NNA til ANA, en líka sjást NV-SA stefnur m.a. við Nyrðri-Hágöngu.

3. HELSTU EININGAR BERGGRUNNSKORTS

Berggrunnskortið á mynd 1 er SA hluti kortblaðsins 1914 II og er unnið í landfræðilegu upplýsingakerfi (ArcInfo) á Orkustofnun. Berggrunnurinn er flokkaður eftir aldri, berggerð og ásýnd.

3.1 Hraun frá nútíma <10.000 ára.

Eins og áður segir koma hraunin frá Veiðivatnakerfinu. Upptök þeirra eru utan kortsins og eru hulin yngri hraunum (Hágönguhraun), jölkli eða jökulurð. Helstu hraunin eru Hágönguhraun og Sveðjuhraun. En tvö hraun til viðbótar eru á kortinu. Elsta og jafnframt stærsta hraunið er Hágönguhraun (um 8000 ára samkvæmt gjóskutímatali), sem myndar suðurjaðar fyrirhugaðs miðlunararlóns og verður austurendi aðalstílfu byggður út á það. Kaldakvísl fellur með jaðri þess undir austurhlíð Syðri-Hágöngu og hefur grafið sér farveg þaðan gegnum hraunið til SV.

Sveðjuhraun myndar hrauntungu, sem teygir sig í átt að Hágöngunum út yfir eyrar Köldukvíslar og Sveðju. Sveðja rennur frá Hvítalóni milli Sveðju- og Hágönguhrauns, en Kaldakvísl rennur með norðurjaðri hraunsins. Árnar koma saman rétt ofan fyrirhugaðs stíflustæðis. Tvö hraun til viðbótar (hér nefnd Köldukvíslarhraun (koa og kob)) eru á kortinu. Þau eru að hluta til yfirflædd og grafin í aur frá Köldukvíslarjökli. Aldur Sveðjuhrauns og Köldukvíslarhrauna hefur ekki verið ákvarðaður ennþá, en ljóst er þó að þau eru yngri en Hágönguhraun.

3.2 Jarðlög frá ísöld

3.2.1 Móberg

Eins og fyrr segir tilheyra flestar gosmyndanir móbergs á kortinu Tungnafellsjökuls-Hágöngu eldstöðvakerfinu. Móberginu er skipt í two aðalflokka, Hágöngumóberg yngra (hy) og eldra (he). Í hvorum flokki um sig eru margar gosmyndanir, en þær eru ekki sundurliðaðar hér.

Helsta viðmiðunin í aldursflokkuninni er afstaðan til Krosshnúkaólivínbasaltsins (kó), sem er besta leiðarlagið í berggrunninum á kortblaði 1914 II. Giskað er á að það geti verið frá næstsíðasta hlýskeiði eða um 200 þúsund ára með þeim fyrirvara að engar beinar aldursgreiningar hafa verið gerðar á bergi innan svæðisins. Ofan á því er viða þykkt jökulberg og/eða móberg og hlýskeiðshraun. Þegar ekki er vitað um aldursafstöðuna er móberg merkt á kortið sem Óskilgreint móberg (óm).

Gosmyndanir móbergsins mynda oftast stutta hryggi eða breiður, en líka koma fyrir stakar hæðir, hlíðbrattar, sem minna á stapa eins og nafnlaus hæð SA af Rauðkollri. Móberg sem tilheyrir Veiðivatnakerfinu, kallað Köldukvíslarmóberg (kb), er austast á kortinu.

3.2.2 Hlýskeiðshraun

Þar eru tilgreindir fjórir flokkar. Tveir þeir fyrstnefndu tilheyra gosum, sem eru lítil að vöxtum og hafa litla útbreiðslu. Hágöngudílabasaltið (hd) er meðal yngstu gosmyndana á svæðinu og er það yngra en Krosshnúkaólivínbóleitið (kó) og er jökulberg á lagmótum þeirra. Stærsti hraunblettur Hágöngudílabasaltsins er vestur af Hágöngunum og er ágætlega varðveisittur gígur við norðurjaðarinn. Þaðan hefur hraun náð að renna alllangt til suðurs meðfram Ljósuöldum. Smá blettir af sams konar basalti milli Hágangnanna sýna að kvikan hefur komið upp víðar en á einum stað. S.k. Hágöngubóleitið (hb) myndar litla hraunbletti uppi á móbergshrygg NA við Nyrðri-Hágöngu og rétt grillir í þann syðsta í norðurjaðri kortsins.

Stærstu hraunmyndanirnar eru s.k. Krosshnúkaólivínbasalt (kó) og Þveröldubóleitið (þþ). Það fyrrnefnda finnst víða um svæðið frá Tungnafellsjökli og suður í Þúfuver, vestur að Þjórsá og meðfram Hágöngum. Það er ljósgrátt að lit, aðeins plagioklasdílótt. Oft er það beltótt og rauðleit kargalög milli hraunbelta, en engin millilög. Það hefur komið upp á mörgum stöðum. Aðal uppkomustaðir þess eru á hálandinu SV af Tungnafellsjökli. A.m.k. tveir uppkomustaðir þess eru innan kortsins, en geta vel verið fleiri. Annar er á líparítsöðlinum norðvestan Syðri-Hágöngu og hafa hrauntaumar runnið út af honum til austurs og vesturs. Virðist vera samfellt basalt þaðan og austur fyrir Syðri Hágöngu og er sams konar basalt á báðum stíflustæðunum. Boranir á stíflustæðinu við Köldukvísl sýna að basalt með ofannefndum einkennum er undir Hágönguhrauni í holunum, sem voru borðar þar í haust (Ágúst Guðmundsson 1995). Ekki er vitað hversu langt til suðurs eða suðausturs Krosshnúkaólivínbasaltið hefur runnið því að það hverfur undir hraun og yngra móberg.

Í SV jaðri kortsins eru opnur í hlýskeiðs-hraun í flóðafarvegi Köldukvíslar. Þar eru líka hólar úr rauðu gjalli, sem virðast vera gígleifar. Þetta er nyrsti þekkti uppkomustaður s.k. Þverölduphéleiðs (þþ), sem myndar víðáttumikla grágrýtisfláka sunnan Þver-öldu og Kvíslaveitusvæðis. Helsta gosstöð þess er Þveralda.

3.2.3 Líparít

Líparítið á kortinu tilheyrir Hágöngumegin-eldstöðinni. Hæst ber Hágöngurnar Syðri (1284 m y.s.) og Nyrðri (1275 m y.s.). Fleiri hæðir úr líparíti eru í nágrenni Hágangnanna, en þær eru nafnlausar. En líparít finnst líka á stöðum sem liggja lægra í land-inu. Alls staðar hverfur það inn undir yngri myndanir eins og áður er lýst, bæði gos-myndanir og jökulberg, sem oft er mjög líparítskotið. Hágöngurnar eru huldar líparít-skriðum langt upp eftir hlíðum.

3.2.4 Jökulberg

Jökulberg er áberandi eining á kortinu, og víða eru gosmyndanir meira og minna huld-ar jökulbergi, en oft má finna opnur sem sýna hvað er undir. Jökulbergslögin eru þykk og áberandi til vesturs í átt að Þjórsá-lægðinni. Þau eru mynduð á nokkrum jök-ulskeiðum og oft sést greinilega að efni þess hefur verið sótt í ríkum mæli í líparítsvæðin.

3.2.5 Laus jarðlög

Stærstu sethulurnar eru eyrar Köldukvíslar og Sveðju í Vonarskarðslægðinni og lægð (á korti Á.H. nefnd Hágöngudalur), milli Há-gangna og Rauðkolls. Þar er einn af forn-um farvegum Köldukvíslar frá síðjökultíma og hefur borist þangað möl og sandur, sjá 6. kafla.

4. STÍFLUSTÆÐI

Á stíflustæði Köldukvíslar austan Syðri-Hágöngu hagar þannig til að Hágönguhraun myndar austurbakka árinnar, en basalt og jökulberg vesturbakkann.

Áður en hraunstraumar Krosshnúkaðlivín-póleítsins (kó) runnu upp að Syðri Hágöngu voru ísaldarjöklar búinir að sverfa hana til svo að hún var að mestu leyti komin með þá lögum sem hún hefur enn þan dag í dag. Sést í basaltið á nokkrum stöðum í vesturbakkanum m.a. á stíflustæðinu. Jökulbergið sem liggur ofan á basaltinu nær all-hátt upp eftir fjallshlíðinni.

Síðar varð smágos við NA enda Syðri-Hágöngu. Þá myndaðist stuttur kubbabergs-hryggur, hugsanlega á síðasta jökulskeiði, þótt ekki sé hægt að fullyrða það.

3 kjarnaholur voru boraðar á Hágöngu-hrauni við austurenda stíflunnar í byrjun sept. 1995. Þeim er nánar lýst í skyrslu Ágústar Guðmundssonar (1995). Ekki verður í fljótu bragði annað ráðið af bor-kjörnum en að undir hrauninu sé í öllum holunum basalt sömu gerðar og er í vestur-bakkanum.

Á stíflustæðinu vestan undir Syðri-Hágöngu er basalt í klöpp bæði við vesturenda stíflu og undir henni. Skriður frá Hágöngunni ná langleiðina niður að farvegi og hylja mörk basaltsins og líparítisins og verður ekki séð hvort austurendi hennar verður í basalti eða líparíti.

B: JARÐGRUNNUR OG BYGGINGAREFNISLEIT

5. INNGANGUR

Verkið fólst í nákvæmniskortlagningu lausra jarðlaga á svæðinu umhverfis Hágöngurnar báðar með það að markmiði að finna not-hæf byggingarefni fyrir stíflu við Syðri Hágöngu. Leitin beindist einkum að þéttiefni og síu- og steypumöl. Til er handrit af korti í mælikvarðanum 1:50.000 af kortblaðinu 1914 II (Ingibjörg Kaldal: Nyrðri-Háganga 1914 II, óbirt handrit af jarðgrunnskorti) og byggir meðfylgandi kort að miklu leyti á því. Frumkönnum byggingarefna fór eingöngu fram með skóflu þar sem því var viðkomíð, enda engin stórvirkari tæki við hendina.

6. JARÐGRUNNSKORTIÐ - LÝSING HELSTU EININGA

Landslag umhverfis lónskál Hágöngumiðlunar einkennist af misháum líparít- og móbergsfjöllum í vestri og norðri. Mest ber á Syðri- og Nyrðri-Hágöngu sem rísa um 400-500 m yfir umhverfi sitt. Austan þeirra eru víðáttumiklar áreyrar Köldukvíslar og Sveðju. Sveðjuhraun gengur út í lónskálina að austan og að sunnan afmarkast hún af Hágönguhrauni, sem er yfir 8000 ára gamalt. Á stíflustæðinu rennur Kaldakvísl milli Hágönguhrauns og líparíthlíðar Syðri-Hágöngu.

Yngstu jökulrákir á svæðinu sýna að ísaldarjökullinn hefur hörfað til austurs og jafnvel suðausturs (Mynd 2). Þau ummerki jökulsins sem mest vekja athygli er gríðarlegt magn stórgrýtis, sem jökullinn hefur losað og rótað til, en ekki náð að flytja langt burtu. Berggerðin er sú sama og finnst víða í berggrunnum (sjá berggrunnskortið). Grjótdreifin er mest norðan undir Syðri-Hágöngu og áfram langleiðina norður undir Nyrðri-Hágöngu.

Milli fjalla eru víða sandfylltar lægðir, sem allflestar eru fornir árfarvegir frá því að jöklullinn hörfaði. Þegar jökuljaðarinn lá upp að hæðunum sunnan við Nyrðri-Hágöngu rann vatn frá honum um farveg sunnan Hágöngunnar, til vesturs milli Skrokköldu og Rauðkolls og niður í Þúfuverskvísl í Svörtubotnum. Ummerki þessa er m.a. endasleppur farvegur sem grafinn er í gegnum hæðina sunnan Nyrðri-Hágöngunnar. Í raun má líta á þetta sem elsta þekkta farveg "Köldukvíslar". Að öllum líkindum hefur vatn ekki runnið lengi þarna né verið um mikið vatn að ræða. Setið í kvosinni neðan endasleppa farvegarins er nær eingöngu sandur. Á þessum tíma hefur vatn áreiðanlega líka runnið um farveg norðan Syðri-Hágöngu (þar sem hjástíflan er hugsuð) niður með Skrokköldu um "Eyrarósagilið" niður í Þúfuverskvísl í Hnausaveri. Þegar jökullinn hörfaði enn lengra var farvegur "Köldukvíslar" einhvers staðar sunnan Syðri-Hágöngu, þar til Hágönguhraunið rann fyrir rúmlega 8000 árum. Þá þróngvaði hraunið ánni upp að Hágöngunni þar sem hún gróf sig niður í áðurnefndan farveg sunnan Skrokköldu. Fljótlega fann áin síðan veikleika í hrauninu og gróf sér þann farveg um hraunið sem hún rennur í núna. Í allra mestu flóðunum mun Kaldakvísl þó eiga það til að senda vatn yfir í farveginum sunnan undir Hágöngunni (Sigmundur Freysteinsson 1972).

Frekar lítið er af jökulruðningi á svæðinu, og er hann mjög sendinn og snauður af finnefnum. Helst er hann að finna í kraga meðfram eyrum Köldukvíslar að vestanverðu. Eins og áður sagði er gríðarlega mikið af jökulrótuðu og stutt fluttu grjóti í yfirborði.

Sú setgerð sem mest er áberandi á kortinu er árset. Eyrar Köldukvíslar eru nær eingöngu úr sandi. Á eyrum Sveðju er aftur á móti meira af möl, enda styttra í jökulinn. Allt árset vestan Hágangnanna er úr sandi, nema í farveginum vestan Syðri-Hágöngu,

þar sem mest er af steinum og möl úr líparíti.

Aðrar setgerðir á kortinu eru óverulegar nema helst skriður utan í hæstu fjöllum.

7. BYGGINGAREFNISLEIT

7.1 Kjarnaefni

Jökulruðningur á þessum slóðum er sem fyrr segir fremur rýr (Mynd 3). Yfirleitt er hann sendinn og finefnasnauður. Á svæðinu norðan Syðri-Hágöngu og norður með eyrum Köldukvíslar (svæði 1) er að auki mikið af grjóti í yfirborðinu. Því er erfitt að kanna ruðninginn með handskóflu. Vera má að finna megi finefnaríkari ruðning með gröfum, en útbreiðsla hans er þá áreiðanlega lítil. Einnig þarf að kanna þykkt ruðningsins með gröfum.

Á svæði 2 vestan við Syðri-Hágöngu er einnig þunnur sendinn jökulruðningur, en þar er lítið af stórgrýti í yfirborðinu. Viða sér í jökulbergskolla. Því er líklegt að í ruðningnum sé mikið af jökulbergsmolum.

Engir aðrir möguleikar eru á finefnisríku efni í nágrenni fyrirhugaðra mannvirkja, fyrr en niður við Kvíslavatn í meir en 15 km fjarlægð.

7.2 Síu- og steypuefni

Við fyrstu sýn virtist lítið vera um möl á svæðinu í nágrenni mannvirkjanna. Efnið í Köldukvíslareyrum svo og öllum minni eyrum vestan Hágangnanna, að undanskildri eyrinni vestan við Syðri-Hágöngu, er eingöngu sandur. Mest er um fín- og milligróf-an sand.

Mjög mikið vatn var í Köldukvísl þegar við komum á svæðið 11. ágúst, svo ekki sást í eyrar á stíflustæðinu. Eitthvað sjatnaði í ánni næstu daga svo mótaði fyrir eyrum. Í farvegi árinnar rétt ofan við stíflustæðið virtist vera eitthvað af möl, sem borist hefur

með Sveðju. 15. ágúst gafst okkur tækifæri að komast yfir Köldukvísl á stíflustæðinu, með báti frá vatnamælingum LV. Dvöldumst við austan ár meðan hún var mæld. Könnuðum við þá m.a. eyrar Sveðju rétt ofan við ármót hennar við Köldukvísl (3 á kortinu). Efnið í eyrunum er möl og sandur með stöku steinum. Grafið var með skóflu, en þar sem vatn kom í holurnar strax á um 30 cm dýpi urðu þær ekki mikið dýpri en það. Grafið var á nokkrum stöðum og var ekki mikla breytingu að sjá. Því er ljóst að þarna er mikið magn af möl. Líklega er líka töluvert af möl í sjálfum farvegi Köldukvíslar, sem væri e.t.v auðvelt að vinna á byggartíma, þegar farvegurinn er þurr.

Gerðar voru tvær yfirborðsgreiningar á bergtegundahlutfalli á eyrum Sveðju, önnur á gamalli eyri (3a), en hin í yngri farvegi nær hrauninu (3b). Mæld var möl og steinar um 2-8 cm í þvermál, en stærstu steinar eru um og yfir 10 cm.

Tafla 1. Hlutfall bergtegunda á stað 3a. 154 völur.

Bergtegund	Hlutfall í %
Smáblöðrött basalt og bólstrabrot	79.9
Dílótt basalt	6.5
Móbergstúff	11.0
Gjall	2.6

Tafla 2. Hlutfall bergtegunda á stað 3b. 179 völur.

Bergtegund	Hlutfall í %
Smáblöðrött basalt og bólstrabrot	83.8
Dílótt basalt	13.4
Móbergstúff	2.2
Gjall	0.6

Eins og sjá má á þessu, ætti þessi möl að henta vel sem steypuefni. Þó ekki hafi fundist líparít á mælistöðunum, sáum við þó 2 smávölur á leið okkar til baka. Líklegast er

rennur um líparítsvæði.

Aðra áreyri væri e.t.v. vert að skoða, með tilliti til hjástiflunnar, en það er eyrin vestan Syðri-Hágöngu (svæði 4). Þar eru möl, sandur og steinar. Neðarlega í eyrinni eru stærstu steinar upp í 20-30 cm í þvermál, en enn grófara efni ofar. Mest er af líparíti, sem er nokkuð flögótt svo lítið er um hnöttóttu steina.

Tafla 3. Hlutfall bergtegunda á stað 4. 132 völur.

Bergtegund	Hlutfall í %
Flögótt líparít	61.4
Smáblöðrótt basalt og bólstrabrot	35.6
Jökulberg	3.0

E.t.v. væri hægt að nota eitthvað af þessu efni í síu eða stoðfyllingu, en af augljósum ástæðum alls ekki sem steypuefni. Kanna þarf kornastærðir og þykktir með grófu.

7.3 Stoðfylling

Efni í stoðfyllingu var ekki skoðað sérstaklega, en benda má á rana úr kubba- og bólstrabergi, sem gengur norður úr Syðri-Hágöngu, í aðeins 1 km fjarlægð frá stíflustæðinu. Það ætti að vera auðrippanlegt.

7.4 Grjót

Eins og marg sagt er hér fyrr er gríðarlega mikil af grjóti norðantil í Syðri-Hágöngu og í krága meðfram áreyrum Köldukvíslar norður undir Nyrðri-Hágögu. "Kornastærðin" er frá meðalstórum steinum upp í björg, sem eru > 1 m á kant. Hæg eru því heimatókin að týna saman grjót í stoðfyllingu og grjótvörn í innan við 1-2 km fjarlægð frá stíflustæðinu. Bergið er þétt ólivín-basalt. Sama gildir um hjástiflустæðið. Þar er nóg af lausu grjóti alveg við stíflustæðið. Einnig væri hægt að vinna grjótvarnarefni úr Hágönguhrauni við austurenda stíflunnar.

8. HEIMILDIR

Abratis, Michael und Arnold, Frank 1993. Outline Volcanic History of the region west of Vatnajökull, Central Iceland. Journal of Volcanology and Geothermal research, 5:87-98.

Ágúst Guðmundsson 1995: Hágöngumiðlun, stíflustæði í Köldukvísl við Syðri-Hágöngu. Berggrunnur og laus jarðlög. Jarðfræðirannsóknir árið 1995. Jarðfræðistofan ehf.

Árni Hjartarson 1994: Vatnafarskort og grunnvatnskortlagning. Ritgerð til meistaragráðu við Háskóla Íslands, 99 bls. og kort.

Elsa G. Vilmundardóttir: Óbirt handrit af berggrunnskorti, blað 1914 II.

Guðmundur Ómar Friðleifsson, Magnús Ólafsson og Jón Örn Bjarnason 1995: Hágöngumiðlun. Jarðhiti í Köldukvíslarbónum, Orkustofnun, Jarðhitadeild, Greinargerð Góf-Mó-JÖB/95-02, 2 bls. og kort.

Guðrún Larsen 1982: Gjóskutímatal Jökuldals og nágrennis. I: Eldur er í Heklu, Sögufélag, Reykjavík, s. 51-65.

Haukur Jóhannsson og Kristján Sæmundsson 1989: Jarðfræðikort af Íslandi, 1:500.000, Berggrunnskort, Náttúrufræðistofnun Íslands og Landmælingar Íslands, (1. útgáfa).

Ingibjörg Kaldal: Óbirt handrit af jarðgrunnskorti, blað 1914 II.


Piper, J.D.A. 1979: Outline Volcanic History of the region west of Vatnajökull, Central Iceland. Journal of Volcanology and Geothermal research, 5:87-98.

Sigmundur Freysteinsson 1972: Jökulhlaup í Köldukvísl. Jökull 22, s. 83-88.

Sveinn P. Jakobsson 1979: Petrology of Recent basalts of the Eastern Volcanic Zone, Iceland. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík, 103 bls. og kort.

Verkfraðistofa Sigurðar Thoroddsen hf., 1994: Hágöngumiðlun, forathugun. Landsvirkjun og VST.

Verkfraðistofa Sigurðar Thoroddsen hf., 1995: Hágöngumiðlun, umhverfisáhrif, Frumathugun. Landsvirkjun og VST .



HÁGÖNGUMÍDLUN - Berggrunnskort

Elsa G. Vilmundardóttir - Orkustofnun VOD-JK

SKÝRINGAR

HRAUN FRÁ NÚTÍMA

svh	Sveðjuhraun
køa	Köldukvíslarhraun a
kob	Köldukvíslarhraun b
hah	Hágönguhraun (~8000 ára)

SÍDKVARERT MÓBERG

kb	Köldukvíslarmóberg
hy	Hágöngumóberg yngra
he	Hágöngumóberg eldra
óm	Óskilgreint móberg

HRAUN FRÁ HLÝSKEIÐUM

hd	Hágöngudílabasalt
hp	Hágöngubóleit
kó	Krosshnúkabóleit
pb	Pveröldupóleit

SÚRT GOSBERG

hl	Hágöngulíparít
----	----------------


ANNAÐ

sj	Jökulberg
ls	Laus jarðlög (aðallega áreyrar)

TÁKN

	Gjall á fornum gosstöðvum
	Slitrött jökulberg
	Nútímahraun undir seti
	Óviss mörk milli myndana
	Slóð
	Túff
	Breksía
	Bólstraberg
	Kubbaberg
	Óskilgreint

MYND 1



SKÝRINGAR

SET

- | | |
|--|-----------------------------------|
|  J3 | Jökulruðningur, ósamfelldur |
|  Á1 | Árset |
|  Á2 | Árset, þunnt |
|  G1 | Jökulárset |
|  G2 | Jökulárset, þunnt |
|  K2 | Veðrunar- og skriðuset |
|  K3 | Veðrunarsæt, þunnt eða ósamfellið |
|  L1 | Nútífmahraun |
|  L2 | Nútífmahraun undir seti |
|  Berg * | Berg * |

TÁKN

-  **Jökulrákir**, því fleiri hök því eldri
 -  **Stórgryti**
 -  **Farvegur grafinn í berg**
 -  **Skriður**
 -  **Slöð**


* Bókstafatákn fyrir berárrunn

Bd Díslabasalt
Bó Ólivín þóleit
LÍ Líparít
Mb Bólstraberg
Mk Kubbaberg
Mó Óskilgreint móberg
Mt Móbergstúff
Sj Jökulberg

HÁGÖNGUMIÐLUN - Jarðgrunnskort

Ingibjörg Kaldal - Orkustofnun VOD-JK

MYND 2



HÁGÖNGUMIÐLUN - Mögulegir námustaðir
Ingibjörg Kaldal - Orkustofnun VOD-JK

- | | | | |
|-----------|----------------------------|---|-------------------------------------|
| J3 | Jökulruðningur, ósamfellið | × | Stórgrýti |
| Á1 | Árset | - | Slóð |
| Mk | Kubbaberg | / | Útbreiðsla lóns m. lónhæð 815 my.s. |

Unnið í landfræðilegu upplýsingakerfi (ArcInfo ®)

MYND 3

VOD-JK IK
95.09.0490